# Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu

## Framtíðarsýn

Nærtækur ferðamáti

eða

Neyðarbrauð ???

# Framtíðarsýn að óbreyttu:

- **40 – 50% aukning á bílaumferð að óbreyttu til ársins 2020.**
- **Umtalsverðar fjárfestingar fyrirliggjandi í umferðarmannvirkjum til að halda núverandi þjónustustigi.**
- **Kostnaður við þetta metinn á ca 40 milljarða króna.**

# Staðreyndir

- Notkun almenningsvagna hefur hnignað umtalsvert á sl. 20 – 25 árum.
- Almenningssamgöngur teljast ekki valkostur í dag.
- Aðgerðir undanfarinna ára til eflingar almenningssamganga hafa ekki leitt til breytingar á þróuninni, í besta falli hafa þær skilað tímabundnu viðnámi.

# Farþegafjöldi SVR 1980 -1998



# Núverandi staða

- Stjórnvöld standa nú frammi fyrir þeirri spurningu hvort viðurkenna eigi sigur einkabílsins og miða allar aðgerðir héðan í frá við þá staðreynd, eða hvort enn sé færi á að snúa vörn í sókn.

# Efldar almenningssamgöngur - Ávinningur:

- Frestun dýrra og oft umdeildra framkvæmda.
- Umtalsverð minnkun umferðarálags.
- Fækkun slysa og umferðaróhappa.
- Minni mengun.

# Nokkur nauðsynleg verkefni til að mæta aukningu að óbreyttu

- Lagning Sundabrautar.
- Endurbygging Vesturlandsvegar.
- Bygging Sæbrautar.
- Tvöföldun Reykjanesbrautar.
- Byggja við vegakerfi við nýja miðbæjarkjarna.
- Ný vegtenging milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar.

frh.

# Nokkur nauðsynleg verkefni til að mæta aukningu að óbreyttu

- Ofanbyggðavegur.
- Hlíðarfótur.
- Bílastæðahús og umtalsverð fjölgun bílastæða hvarvetna á höfuðborgarsvæðinu.

- **Framkvæmdakostnaður vegna þessara verkefna gæti numið 40 milljörðum króna**

# Frestun framkvæmda - hverju geta almenningssamgöngur áorkað ?

- 7% vextir af 40 milljörðum eru 2,8 milljarðar á ári.
- Ef efldar almenningssamgöngur leiða til frestunar á fjórðungi framangreinds kostnaðar í 10 ár, þá munu sparast u.þ.b. 10 milljarðar króna, eingöngu vegna lækkaðs fjármagnskostnaðar ríkis og sveitarfélaga.

# Flutningsmáti og rýmisþörf

Heimild: “Blueprints for Sustainable Transportation in Central and Eastern Europe”

| | Hraði | Rýmisþörf |
|---|---|---|
| Flutningsmáti | km/klst | ferm. pr. einstakling |
| | | |
| Fótgangandi | 5 | 0,8 |
| Reiðhjól | 10 | 3,0 |
| Fullsetin bifreið ( 3 farþegar) | 10 | 6,2 |
| Fullsetin bifreið | 40 | 20,0 |
| Bifreið m. 1 farþega | 10 | 18,7 |
| Almenningsvagn, fullsetinn | 10 | 3,1 |
| Almenningsvagn, 1/3 nýttur | 10 | 9,4 |
| Almenningsvagn, fullsetinn | 30 | 9,4 |
| Almenningsvagn, 1/3 nýttur | 30 | 28,1 |

# Efldar almenningssamgöngur
# - Rýmisþörf og umferðarálag -

- **M.v. framangreint mat á mismunandi rýmisþörf og tilsvarandi áhrif mismunandi flutnings- / ferðamáta má ætla að hver 10% minnkun á notkun einkabifreiða leiði til ca 7% lækkunar á rýmisþörf / álagi í gatnakerfinu, þó svo að tilsvarandi fjöldi einstaklinga notaði almenningssamgöngur í stað einkabílsins**

# Efldar almenningssamgöngur
# - fækkun slysa og umferðaróhappa -

- **Kostnaður samfélagsins vegna umferðarslysa er metinn á annan tug milljarða árlega - þá er ótalinn kostnaður vegna eignatjóns o.fl.**
- **Rannsóknir sýna beint samband milli slysatíðni og umferðarþunga.**
- **Hvert eitt prósent í lækkaðri slysatíðni þýðir tugmilljónasparnað fyrir samfélagið.**

# Efldar almenningssamgöngur - framlag til minni mengunar -

- Strætisvagnar nota um 5% af heildarneyslu dísilolíu, meðan að jeppabifreiðar taka til sín um 18% af heildinni.
- Ríkisvaldið hefur ítrekað gefið út viljayfirlýs-ingar um aðgerðir til að stuðla að minni notkun á mengandi orkugjöfum.
- Efling almenningssamgangna er vænleg leið til árangurs.

# Beinar tekjur ríkissjóðs

- **Beinar árlegar tekjur ríkissjóðs af rekstri SVR og AV eru u.þ.b.**
  - **Virðisaukaskattur 100 m. kr**
  - **Þungaskattur 32 m. kr**
  - **Jöfnunargjald + gúmmígj. 12 m. kr**

**Að auki vörugjöld, tekjuskattur v. aksturs verktaka, fjármagnstekjuskattur v. fjármögnunar vagnakaupa o.fl.**

# Kostnaður sveitarfélaganna

- **Árlegur kostnaður við rekstur SVR og AV er u.þ.b. 1.350 milljónir króna**
- **Árleg framlög sveitarfélaganna til þessa reksturs nema um 630 m. króna.**

- **Álögur ríkissjóðs á þennan rekstur eru umtalsverður hluti af heildarkostnaði.**

# Efldar almenningssamgöngur
# - Hvernig ? -

- **Sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga þarf til að raunhæfur árangur náist.**
- **Átakið verður að byggjast á langtíma-hugsun - reikna verður með 5 - 10 ára uppbyggingarferli.**
- **Aðgerðir þurfa að beinast að því að efla ímynd og stöðu almenningsvagnsins samhliða því sem þrengt verður að einkabílnum**

# Efldar almenningssamgöngur
# - Hvernig ? -

- Ríkisvaldið þarf að leggja fjármuni til uppbyggingarinnar í stað þess að hafa af starfseminni tekjur eins og staðan er í dag.
- Sveitarfélögin þurfa að búa sig undir tímabundna aukningu framlaga meðan á uppbyggingunni stendur
- Þessir fjármunir munu skila sér til baka vegna sparnaðar á öðrum sviðum.

# Lokaorð
# Tillögur

- **Tekið verði upp náið samstarf ríkisvalds og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlegt átak til raunhæfra aðgerða til eflingar almenningssamganga á svæðinu.**
- **Sett verði upp aðgerðaáætlun til næstu 10 ára þar sem horft verði á heildarhagsmuni og allur langtímaávinningur metinn á móti tímabundnum kostnaði við átakið.**

# Lokaorð
# Tillögur

- Þróað verði nýtt leiðarkerfi sem taki mið af flutningaþörf innan svæðisins án þeirra takmarkana sem leiðir af núverandi sveitarfélagamörkum og tveimur rekstrar- og þjónustuaðilum.
- Tekiðverði fullt tillit til þarfa almennings-samgangna í allri skipulagsvinnu til að tryggja sem bestan framgang þeirra.